

Priðjudaginn 15. desember 1992.

Nr. 14/1992. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Sjúkraliðafélagi Íslands

(Kristín Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliða-
félags Íslands).

Frávísunarkröfu hafnað. Sjúkraliðar. Sératkvæði í Hæstarétti.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta úrskurða Jónas Gústavsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Eiríkur Helgason og Valtýr Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum máflutningi um frávísunarkröfu stefnda, var höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 3. desember og þingfestri 4. desember sl.

Stefnandi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að vinnustöðvun félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands, er starfa hjá Ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, er hófst með setu á kjaramálafundi hinn 1. desember 1992 kl. 7.30 og lauk hinn 3. desember kl. 8.00, sé ólögmæt aðgerð, sem brjóti í bága við ákvæði um verkföll í 14.-21. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Aðallega er þess krafist, að málinu verði vísað frá dómi.
2. Til vara krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda.
3. Stefndi krefst málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Niðurstaða dómsins:

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að ágreiningsefni í máli þessu eigi ekki undir dómsvald Félagsdóms, þar eð í 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 felist ekki, að Félagsdómur eigi dómsvald um lögmæti afstaðinna vinnustöðvana, heldur eigi

hann einungis dómsvald um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 segir svo um ákvæði 2. tl. 1. mgr. 26. greinar, sem síðar varð óbreytt að lögum:

„Efnisatriði 2. tölul. 1. mgr. er í lögum nr. 29/1976, en orðalagi er breytt til að taka af hugsanleg tvímæli. Í ákvæðinu felst meðal annars, að heimilt er að höfða mál, þótt boðaðri vinnustöðvun hafi verið frestað eða að vinnustöðvun sé þegar afstaðin, enda sé mál höfðað án ástæðulausrar tafar.“

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn, að hafna beri frávísunarkröfu stefnda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 7. janúar 1993.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærnu 21. desember 1992, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 15. desember 1992, verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi svo og kærnumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærnumálskostnaður.

Ágreiningsefni máls þessa er það, hvort sá kjarafundur sjúkraliða í Sjúkraliðafélagi Íslands, er starfa hjá varnaraðila, sem hófst 1. desember 1992 kl 7.30 og stóð óslitið til 3. desember kl. 8.00, hafi brotið í bága við fyrirmæli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna varðandi kjaradeilu. Sjúkraliðar þessir starfa samkvæmt kjarasamningum, sem gerðir eru með heimild í þessum lögum, og eru þeir hluti af ráðningarsamningi þeirra. Við efnisúr-

lausn málsins myndi reyna á, hvort lög eða kjarasamningar heimila kjarafundi sem þann, er sjúkraliðar boðuðu til og héldu samkvæmt framanskráðu. Óumdeilt er, að Sjúkraliðafélag Íslands fór á þessum tíma með samningsumboð fyrir sjúkraliða, og hefur varnaraðili hér fyrir dómi beint málsókn að félaginu. Sóknaraðili heldur því hins vegar fram til vara, að hvorki stjórn, kjaramálanefnd, fulltrúuþing né nokkur annar aðili innan félagsins eða á vegum þess hafi tekið ákvörðun um kjarafundinn, og beri því að sýkna félagið. Á þessi atriði myndi jafnframt reyna við efnisúrlausn málsins.

Viðurkenna verður það sjónarmið varnaraðila, að honum sé það almennt mikilvægt að fá úr því leyst, hvort slíkar aðgerðir starfsfólks, sem að framan er lýst, séu heimilar. Fallast ber á það með Félagsdómi, að þessi ágreiningur heyri undir 2. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, enda fær það stóð í greinargerð með frumvarpi til laganna. Þá fellur hann einnig undir 3. tölulið sömu málsgreinar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Höfðun máls þessa fyrir Félagsdómi er tengd kjaradeilu milli málsaðila, sem nú er afstaðin. Gerir varnaraðili kröfu um viðurkenningu þess, að tiltekið fundahald meðal sjúkraliða, sem fram fór, meðan deilan stóð yfir, og leiddi þá til stöðvunar eða truflunar á vinnu, verði metið sem ólögmat aðgerð, er brjóti í bága við ákvæði um verkföll í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Af fram lögðum gögnum og málf lutningi varnaraðila verður ekki ráðið, að þessi krafa hans verði hagsmuni, er tengdir séu kjaradeilunni sjálfri eða rétti hans á hendur sóknaraðila hennar vegna, svo sem til skaðabóta fyrir tjón af völdum hinnar umdeildu aðgerðar. Virðist fremur horft til þess, að niðurstaða í málinu, á hvorn veginn sem yrði, gæti orðið til síðari eftirbreytni eða leiðbeiningar í skiptum hans og þeirra opinberra starfsmanna, sem löggin ná til. Hagsmunir af því tagi réttlæta ekki einir

saman, að krafan verði borin undir Félagsdóm á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 gegn mótmælum þess samningsaðila, sem hér er við að eiga. Sú athugasemd úr greinargerð með frumvarpi til laganna, sem til er vitnað í hinum kærða úrskurði og er án beinnar stoðar í texta laganna, skiptir ekki máli í því tilliti. Þá skiptir og ekki máli, hvort varnaraðili kunni að eiga óuppgerðar sakir við einstaka félagsmenn sóknaraðila vegna aðgerðarinnar, en um það liggur ekkert fyrir. Þær sakir munu heyra undir hina almennu dómstóla, sem þá hefðu fullt vald til að skilgreina hina umdeildu aðgerð og meta afleiðingar hennar fyrir félagsmennina og varnaraðila.

Af þessum ástæðum ber að hrinda hinum kærða úrskurði og taka til greina kröfu sóknaraðila um frávísun málsins frá Félagsdómi. Kærumálskostnaður á að falla niður.
